

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs og hafnarstjórnar, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Stöðvunarskylda verður á Frakkastíg sunnanverðum gagnvart umferð um Njálsgötu.
 2. Bíðskylda verður á tengigötum inn á Sundagarða.
 3. Hámarkshraði ökutækja á hafnarsvæði í Sundahöfn verður 30 km. miðað við klukkustund.
 4. Bifreiðastöður verða bannaðar:
 - a) Á hafnarbökkum (Sundabakka og Korngarði).
 - b) Á Sundagörðum og tengigötu frá Sundabakka til suðausturs.
- Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 5. mars 1975.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. febrúar 1975.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 89.

7. mars 1975.

SAMÞYKKT

um hundahald á Akureyri.

1. gr.

Hundahald er bannað á Akureyri, að undanteknum þarfahundum á lögbýlum.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í bænum undanþága til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu heilbrigðisfulltrúa og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal greiða í bæjarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í bænum og skal upphæð þess við það miðuð. Hundar, sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum í bænum eru undanþegnir þessu gjaldi.
- c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds, skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni, að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvara er um hönd höfð.
- e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró bæjarbúa og séu hvorki þeim, né öðrum, sem um bæinn fara, til óþæginda.
- f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á. m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirætlum, sem heilbrigðisnefnd setur.